

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 23. nóvember 2006 í máli nr. S-1280/2006:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

Arnari Val Valssyni

(Hilmar Baldursson hdl.)

og

Birgi Erni Birgissyni

(Þormóður Skorri Steingrímsson hdl.)

Ár 2006, fimmtudaginn 23. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara sem dómsformanni og meðdómendunum Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara og Halldóri Björnssyni settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1280/2006: Ákærvaldið gegn Birgi Erni Birgissyni og Arnari Val Valssyni.

Mál þetta sem dómtekið var 2. þ.m. er höfðað á hendur ákærðu með tveimur ákærum útgefnum af ríkissaksóknara 7. september 2006. Er önnur á hendur ákærða Birgi Erni Birgissyni kt. 000000-0000, Þinghólsbraut 51, Kópavogi en hin á hendur ákærða Arnari Val Valssyni, kt. 000000-0000, Torfufelli 33, Reykjavík.

I.

Í fyrri ákærunni er höfðað mál á hendur ákærða Birgi Erni, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og tilraun til slíkrar líkamsárásar, aðfarnótt sunnudagsins 14. maí 2006, er hann ók bifreiðinni RO-573 áfram til suðurs eftir Móabardi 2-6 í Hafnarfirði, í því skyni að aka á fólk sem statt var á götunni:

1. Ákærði ók bifreiðinni á Einar Val Sverrisson, sem hafnaði á vélarhlíf hennar, kastaðist upp og féll í götuna, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á brjóstkassa, öxl mjöðm og hnjám, tognun í öxl og opið sár á hægri mjaðmakambi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

2. Ákærði ók að Jóni Ólafi Þorsteinssyni sem tókst með naumindum að kasta sér frá bifreiðinni og koma þannig í veg fyrir að ákærði æki á hann. Með þessari háttsemi sinni stofnaði ákærði á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu Jóns Ólafs í augljósan háska.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218., gr. sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en til vara við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

II.

Í þeirri seinni er höfðað mál á hendur ákærða Arnari Val,

1. Fyrir þjófnað, með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 18. mars 2006, í Álfabakka í Reykjavík, brotist inn í bifreiðina PD-349 með því að brjóta hliðarrúðu og stolið þaðan hljómflutningstækjum og íþróttatösku sem í voru snyrtivörur, íþróttaskór, íþróttaföt og linsur.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 14. maí 2006, fyrir utan húsið nr. 2 við Móabard í Hafnarfirði, stungið Magnús Einar Ólafsson með hnífi neðarlega í bakið hægra megin, með þeim afleiðingum að hann hlaut lífshættulegan áverka er hnífurinn gekk inn á milli hryggjartinda, inn í mænugöng og skaðaði taugar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

3. Fyrir tilraun til nytjastuldar með því að hafa, í kjölfar atvika sem greind eru í 2. lið, við Sörlaskeið í Hafnarfirði, reynt að taka vörubifreiðina TX-210, eign Birgis Finnbogasonar, ófrjálstri hendi í því skyni að komast undan lögreglunni.

Telst þetta við 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Vátryggingasfélag Íslands hf. krefst bóta að fjárhæð kr. 57.700 auk vaxta og dráttarvaxta skv. lögum um vexti og verðtyggingu frá 18. mars 2006 til greiðsludags.

Af hálfu Magnúsar Einars Ólafssonar, kennitala 000000-0000, er krafist bóta að fjárhæð kr. 2.960.626 auk dráttarvaxta frá 14. maí 2006 til greiðsludags.

Birgir Finnbogason, kennitala 000000-0000, krefst bóta að fjárhæð kr. 158.807

III.

Ákærði Birgir Örn hefur alfarið neitað sök.

Ákærði Arnar Valur hefur skýlaust viðurkennt að vera sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 1. og 3. lið ákæruskjals en neitað sök um þá háttsemi sem hann er sakaður um í 2. lið ákæruskjalsins. Sagði ákærði Arnar að hann viðurkenndi að hafa stungið Magnús Einar Ólafsson með hníf neðarlega í bakið hægra megin eins og atlögunni er lýst í ákæruskjali en að það hafi ekki verið ætlun hans að valda Magnúsi Einari líkamstjóni.

Málavextir verða raktir í þremur köflum IV. V. og VI. þannig að fyrst er fjallað um aðdraganda atburðanna og í framhaldi af því um skýrslur ákærða Arnars Vals og síðan Birgis Arnar og loks framburðir vitna.

IV.

Um aðdraganda þessa máls segir í frumskýrslu sem Jón Gunnar Sigurgeirsson lögreglumaður gerði að tilkynning hafi borist um hópslagsmál við Móabará 6b, Hafnarfirði og er lögreglumenn voru á leið þangað hafi borist tilkynning um að ekið hafi verið á mann og annar stunginn með hníf og að gerendur hefðu stungið af á rauðri Hyundai bifreið. Er lögreglumenn komu á staðinn gáfu tvö ungmenni sig á tal við þá og kváðust hafa séð rauða Hyundai bifreið hverfa af vettvangi á mikilli ferð. Þegar komið var að Móabará 6b hafi verið þar nokkuð af fólki og sá lögreglumaðurinn Halldór Sveinsson ungmenni kasta hafnarboltakylfu undir bifreið sem þarna var. Gaf sig þá á tal við Halldór drengur að nafni Einar Valur og sagði að ekið hafi verið á sig. Hafi Einar verið nokkuð ölvaður að sjá með skrámur á hægri síðu en borið sig nokkuð vel. Þegar þarna var komið voru komnir á staðinn lögreglumenn sem voru að huga að dreng sem hét Magnús og hafði orðið fyrir hnífstungu. Er lögreglumenn fóru að ræða við vitni þá bárust fljótlega upplýsingar um að hafin væri eftirför og leit að bifreiðinni RO-573 sem kom við sögu í málinu og að hún hafi fljótlega staðnæmst og að sést hafi til þriggja aðila á hlaupum skammt frá en einn hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og hafi sá, sem heitir Davíð, verið handtekinn af lögreglu. Fundu lögreglumenn Birgi Örn Birgisson skammt frá liggjandi undir tré. Birgir þessi er eigandi bifreiðarinnar RO-753 og jafnframt annar ákærðu í málinu. Samkvæmt skýrslu rannsakara var ákærði Arnar Valur handtekinn á heimili sínu vegna gruns um aðild að málinu. Segir í skýrslunni að á lögreglustöðinni um kl. 10:00 um morguninn hafi Arnar Valur játað að hafa stungið Magnús með hníf og sagt að hann hafi leitað í felur í vörubifreið sem hafi verið við hesthús nærri þeim stað þar sem hann hljóp frá bifreiðinni RO-573 þar sem hún hafði staðnæmst á Kaldárselsvegi við eftirför lögreglu. Kom fram á leið af vettvangi að bifreiðin hafði verið á ESSO bensínstöðinni við Lækjargötu í Hafnarfirði fyrr um kvöldið. Hafi stöðvarstjórinn verið ræstur út og hafi hann útbúið mynddisk þar sem sjá mátti bifreiðina við stöðina og þá sem í henni voru. Sást á myndbandinu hvar Birgir ekur bifreiðinni og að í farþegasæti sat maður í hvítu peysu með rýting í slíðri fastan við hægri læri. Þá segir í upplýsingaskýrslu að lögreglumenn hafi komið að pilti sem heitir Magnús fyrir utan Móabará 4, Hafnarfirði og hafi faðir hans haldið um stungusár sem var á drengnum og móðir hans einnig verið hjá honum, en allt í kring hafi verið gestir úr samkvæmi sem hafði verið að Móabará 6b, Hafnarfirði. Mátti sjá blóðpolla á götunni framan við Móabará 2b, Hafnarfirði og að þeim stað þar sem Magnús lá á vinstri hlið. Hafi verið sýnilegt að Magnús hafði misst mikið blóð en hafi þó verið með meðvitund og kastað upp á meðan hann lá þarna.

Skýrsluhöfundur lýsir því að hann hafi rætt við ákærða Arnar Val í fangamóttökunni að viðstaddri Sólrúnu Bjarnadóttur. Hafi Arnar Valur þá neitað því í fyrstu aðspurður um vopnaburð að hafa borið hníf, en þegar honum var kynnt að fyrir lögju myndir af honum við ESSO bensínstöðina við Lækjargötu sem sýni hann með hníf í slíðri festan við belti kváðst hann vilja koma hreint fram og sagðist hafa stungið strákinn og spurði um líðan hans. Er skýrsluhöfundur sagði honum að hann væri enn á lífi en tvísýnt hafi verið um líf hans um tíma þá hafi hann sagt „ég vildi að hann hefði drepist“ og sagði svo „það lemur mig sko enginn með hafnarboltakylfu“. Aðspurður nánar um þetta sagði Arnar Valur að Magnús hefði lamið sig með hafnarboltakylfu. Hafi Arnar að sögn hent hnífnum út úr bifreiðinni við eftirför lögreglu á Kaldárselsvegi. Hafði Arnar að beiðni skýrsluhöfundar

samband við vin sinn Grím Mar Brötius, sem hafði tekið við hnífnum og falið hann. Var Grímur sóttur og vísaði hann á hnífinn sem hann hafði falið undir grjóti við Elliðavatsveg á móts við Urriðakotsvatn. Við leit í umræddri bifreið var haldlögð hvít ípróttapeysa er fannst í aftursæti bifreiðarinnar

V.

Framburður ákærða Arnars Vals. Um framburð fyrir dómi er að ræða nema annað sé tekið fram.

Ákærði Arnar Valur sagði að aðdragandinn að því að þeir félagarnir hafi farið að Móabardi 6b umrætt kvöld hafi verið sá að strákar sem hann kannaðist við höfðu lent í slagmálum við Magnús og fleiri skömmu áður eða kvöldið áður. Tilgangurinn hafi í fyrstu verið að ræða við Magnús en málin hafi þróast þannig að allir hafi komið út og slagsmál brotist út. Kvaðst ákærði aðspurður muna mjög takmarkað eftir því hvað hann hafi sagt við Birgi Stein Einarsson sem hann hitti við ESSO bensínstöðina fyrir atvikið. Hann muni bara eftir því að talað hafi verið um að fara með einhverjum látum heim til Magnúsar. Hann muni ekkert eftir að hafa talað um það í bílnum á leiðinni upp á Móabard að berja Magnús. Þeir hafi bankað á dyr til þess að spyrja um Magnús og hafi þá faðir hans komið til dyra og kallað strax inn að hringja þyrfti í lögregluna. Hafi þeir félagarnir þá hopað aftur út á planið og hann farið fyrstur inn í bílinn en Biggi og Dabbi verið fyrir utan hann og einhverjir verið að berja þá. Hann kvaðst hafa orðið reiður og farið út til þess að hjálpa þeim að komast inn í bílinn svo þeir gætu farið burt því þeir hafi ekkert getað gert þarna vegna fjölda andstæðinganna. Þegar þeir voru að fara í burtu þá hafi hinir verið að sparka í bílinn og brjótandi í honum rúður. Þeir hafi því bakkað á mikilli ferð frá og hafi þá einhver orðið fyrir bílnum. Þeir hafi síðan bakkað á planinu og út götuna en einhver hinna hafi haldið áfram að sparka í bílinn alveg út götuna. Hafi hann þá farið út úr bílnum og orðið svolítið reiður og ætlað að ýta honum frá en sá hafi þá verið með einhver leiðindi og reynt að slá til sín og þá hafi ákærði ýtt til hans og stungið hann með hnífnum. Kom fram í skýrslu Arnars hjá lögreglu þann 26. maí sl. að það hafi liðið um það bil 40 sekúndur frá því að hann fór út úr bílnum þar til hann var kominn inni bílinn aftur eftir að hafa stungið Magnús. Sagðist ákærði ekki hafa vitað hver það var sem hann stakk. Hann hafi ekki þekkt Magnús neitt. Sagði ákærði að allt að þrjátíu manns hafi verið þarna á staðnum eða „alveg heilt partý” og nær þrjátíu en sjö manns Sagðist Arnar Valur hafa tekið hnífinn úr slíðrinu rétt eftir að hann fór út úr bílnum en fram að því hafi hnífurinn verið laus í slíðrinu. Hann kvaðst kannast við að hafnarboltakylfa hafi verið í bílnum en vissi ekki hvað af henni varð í látunum. Þegar hann hafi stungið strákinn sagðist hann hafa staðið til hliðar við hann. Hann hafi ekki beitt miklu afli enda aldrei verið meiningin að meiða hann svona eins og raunin varð. Hann hafi ekkert verið búinn að velta því fyrir sér hvaða afleiðingar hnífstungan gæti haft í för með sér. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrir en eftir á að stungan gæti verið lífshættuleg. Hann hafi dregið hnífinn strax úr sárinu en stífara hafi verið að ná hnífnum út en reka hann inn því hann hafi þurft að rykkja í hnífinn til þess að ná honum út. Hann muni ekkert eftir því að hafa hreyft hnífinn eða snúið honum í sárinu. Sagði ákærði að hann hafi ekki séð það skýrt þegar keyrt var á einhvern þegar þeir voru að fara af staðnum. Hann hafi vissulega orðið þess var að einhver hafi orðið fyrir bílnum en sú ákeyrsla hljóti að hafa verið óviljaverk. Birgir Örn hafi fyrst keyrt áfram og síðan bakkað út götuna. Þeir hafi fyrst keyrt áfram til þess að hagræða bílnum til þess að bakka út götuna. Ekki hafi verið keyrt á fólk meðan verið var að sparka í

bílinn. Fyrir dóminum var borinn undir ákærða framburður hans fyrir lögreglu þann 14. maí sl. þar sem haft er eftir honum að Birgir Örn hafi orðið mjög reiður og tekið sig til og keyrt á tvo stráka. Mótmælir ákærði Arnar Valur því ekki að þetta sé rétt eftir honum haft en þetta megi skilja á allt að þrjá vegu og sé hann þeirrar skoðunar að Birgir hafi ekki ætlað sér að keyra á strákana. Er ákærði Arnar var inntur eftir því við skýrslutöku hjá lögreglu þann 23. maí sl. hvað hann ætti við með þessu framburði sínum sagði hann „Auðvitað var Biggi reiður þar sem þeir voru að sparka í bílinn hans. Hann setti í gir og gaf í og keyrði beint á strákana.“ Ákærði Arnar Valur kvaðst hafa verið undir áfengisáhrifum þegar þessir atburðir gerðust og muni hann því hlutina misvel. Davíð hafi verið með hafnarboltakylfuna en hann hafi ekki séð Magnús með hana. Þeir hafi allir verið komnir inn í bílinn þegar byrjað var að sparka í hann. Hnífinn hafi hann verið með til þess að tryggja öryggi sitt. Hann kvaðst hafa fengið hnífinn lánaðan fyrir um kvöldið og ætlað að nota hann til þess að geta ógnað. Notkun hans á hnífnum hafi verið ónauðsynleg en hann hafi verið í æstu skapi vegna áfengisáhrifa.

Í skýrslu hjá lögreglu þann 14. maí sl. sagði ákærði aðspurður um erindið að Móabardi til Magnúsar að það hafi verið að ógna honum og sýna honum að hann hefði gert rangt með því að lemja kærustu „Bigga.“ Þá sagði hann að hann hafi fundið aðeins til áfengisáhrifa er hann stakk piltinn með hnífnum.

Ákærði Birgir Örn Birgisson sagði fyrir dómi að tildrög þess að þeir fóru umrætt kvöld upp að Móabardi 6b hafi verið þau að þeir hafi ætlað að tala við Magnús af því að einhver slagsmál höfðu orðið fyrir um kvöldið en þau slagsmál tengdust þeim félögunum ekki neitt. Það voru vinir þeirra sem Magnús og fleiri höfðu verið að lemja. Hann kvaðst ekki vita um hvað átti að tala við Magnús og ekkert hafi verið rætt um hvað til stæði en helst var á honum að skilja að átt hafi að spyrja Magnús út í þetta. Arnar Þór og Leó Ólafsson sem voru með þeim í bílnum hafi farið með ákærðu og Davíð til þess að vísa þeim til vegar heim til Magnúsar. Kannaðist Birgir ekki við að minnst hafi verið á það í bílnum að berja Magnús og hugsanlega foreldra hans eða móður hans væri hann ekki heima. Hann kvaðst ekki hafa séð neina aðra við ESSO bensístöðina, sem koma við sögu, en þá tvo sem komu með þeim í bílnum. Þeir hafi bankað uppá á Móabardinu og hafi faðir Magnúsar sem var með læti og æsing komið til dyra og og farið að ýta þeim burtu en þá hafi farið að streyma ekki færri en 15 til 20 strákar út úr húsinu. Hafi þeir félagarnir þá ætlað að fara út í bíl og koma sér í burtu. Sagðist Birgir ekki hafa séð hnífinn sem um ræðir fyrir en eftir hnífstunguna. Hann kvaðst muna eftir því að Davíð hafi verið með hafnarboltakylfu sem faðir Magnúsar hafi tekið af honum. Hann hafi ætlað að hlaupa út í bíl og orðið skíthræddur þegar honum var hrint í götuna. Er hann og Arnar Valur hafi verið komnir inn í bílinn hafi hann ætlað að bakka burt og út götuna, en þá hafi strákarnir farið að berja bílinn utan og brotið eina rúðuna. Hann muni ekki eftir því að hafa keyrt á neinn og ekki heldur hvenær rúðan brotnaði. Sagði Birgir Örn að farþegahurðin hafi beyglast vegna sparka í hana þegar hún stóð opin og eftir það hafi ekki verið hægt að loka henni. Hann kvaðst muna eftir því að hafa drepíð á bílnum þegar hann bakkaði og síðan sett hann á mikinn snúning þegar hann ræsti hann aftur. Hann hafi þurft að keyra áfram til þess að loka hurðinni áður en hann bakkaði út götuna. Fólk hafi verið allt í kringum bílinn og hann sjálfur verið skíthræddur og farið að reyna að snúa við til þess að koma sér í burtu. Sagði ákærði Birgir að hann hafi verið búinn að drekka einn bjór fyrir um kvöldið og ekki fundið til neinna áfengisáhrifa en nánar aðspurður kannaðist hann við að hafa drukkið nokkra sopa úr flösku með vodkablöndu fyrir utan Móabardið. Sagði Birgir

að hann hafi stoppað bílinn eftir að þeir gátu ekið burtu en það hafi verið þegar ákærði Arnar fór út úr honum þegar hliðarrúðan brotnaði og hafi hann beðið þar til hann var kominn aftur inn í bílinn. Bíllinn hafi þá drepíð á sér þegar hann stoppaði.

VI.

Framburðir vitna fyrir dómi sé annað ekki tekið fram.

Vitnið Theódór Friðriksson, læknir, sem tók á móti Magnúsi á slysadeild eftir hnífstunguna lýst því að Magnús hafi veri með allt að 15 cm langan skurð sem hafi greinilega verið djúpur og gengið niður í vöðvalög auk þess sem hann hafi verið með lækkaðan blóðþrýsting og hraðan púls sem benti til blóðmissis. Hafi Magnús verið sendur í sneiðmyndatöku og síðan sinnt af skurðlæknum eftir það. Hafi komið í ljós á sneiðmynd að hnífslagið lá allt inn í mænugöng. Hann lýsti því álitinu sínu að talsverðu afli hljóti að hafa verið beitt til þess að stinga þannig að lagið gengi allt inn í mænugang. Taldi vitnið að Magnús hafi ekki beinlínis verið í lífshættu eftir að hann var kominn á slysadeild. Varðandi áverka á Einari Val Sverrissyni segir vitnið að þeir geti alveg samræmt því að hann hafi lent í götunni eftir fall og líklegt sé að hann jafni sig af þeim eftir nokkurn tíma. Telur vitnið líklegt að þeir áverkar sem voru á Einari við skoðun á slysadeild hafi verið eftir eina ákomu vegna þess að áverkarnir séu allir sömu megin.

Vitnið Þóra Steffensen réttarmeinafræðingur sagðist byggja mat sitt, sem fyrir liggur í málinu og hún hefur staðfest, á læknisfræðilegum gögnum svo sem vottorðum annarra lækna og sneiðmynda. Kvaðst hún hafa áætlað lengd sársins af fingri sem sést á mynd af sárinu og geti því verið að hún hafi áætlað lengd sársins minni en hún hafi í raun verið og telur vel hugsanlegt að það hafi verið 15 cm langt. Varðandi kraft þann sem notaður hafi verið við stunguna telur hún sig fullyrt að hann hafi verið að minnsta kosti það sem hún kallar meðalmikill. Mikil blóðstorka hafi verið í sárinu á Magnúsi sem hafi verið fögur, með hraðan púls og blóðþrýsing í lægri mörkum, en þetta segi henni það að ef það hefði dregist að hann kæmist undir læknishendur þá gæti blæðingin hafa orðið lífshættuleg og leitt til þess að hann hefði farið í lost og látist af þeim völdum. Hún telur að sýking, sem hefði getað komið í mænugöng vegna áverkans væri ekki brugðist við með lækniáðgerð eins og gert var, hefði einnig getað leitt til dauða en á lengri tíma en vegna blæðingarinnar.

Vitnið Birgir Steinn Einarsson sem var staddur á ESSO planinu umrætt kvöld kannast við að hafa hitt stráka sem voru að leita að Magnúsi og hafi hann talið sig vita um hvaða Magnús þeir voru að tala en sjálfur hafi vitnið verið nýkominn frá honum. Hafi þeir spurt hvort hann vissi hvar Magnús ætti heima og hann sagt þeim að hann vissi það. Hafi þeir þá spurt hvort hann vildi koma inn í bíl sem þeir voru á en hann hafi neitað því og þá hafi sá sem spurði sýnt honum hníf sem hann var með. Þeir sem töluðu við hann hafi veri tveir og hafi þeir fengið einhvern annan strák úr Hafnarfirði upp í bílinn til þess að vísa þeim veginn. Kvaðst vitnið hafa sagt að hann ætlaði ekki að vísa þeim veginn enda væri Magnús örugglega ekki heima og þá hafi sá sem sýndi honum hnífinn sagt að hann ætlaði að fara og stinga Magnús eða mömmu hans og pabba ef Magnús væri ekki heima. Kvaðst vitnið ekki hafa viljað vísa þeim veginn vegna þess að Magnús væri vinur hans og honum hafi ekki litist neitt á að þeir færu að heimsækja hann. Sagði vitnið að strákurinn sem var með hnífinn hafi verið dálítið æstur og ör. Sagði vitnið að þegar hann hafi farið

úr afmælinu hjá Magga skömmu áður hafi verið þar 10, 20 eða 30 manns. Aron Bjarni frændi hans hafði verið með honum hjá ESSO bensínstöðinni en brugðið sé frá og komið aftur er félagarnir voru að fara.

Vitnið Leó Ólafsson kvaðst hafa verið við ESSO bensínstöðina með vini sínum Arnari Þór og hafi hann haldið að vinur hans væri búinn að fá far fyrir þá báða í umræddum bíl en það hafi ekki verið fyrir en þeir voru komnir af stað að hann heyrði að til stæði að fara heim til Magnúsar í þeim tilgangi að lemja hann eða stinga *eða allavega berja hann*. Þegar þeir komu upp að Móabardi hafi hann og Arnar Þór staðið spölkorn frá dyrunum þegar hinir þrír sem komu í bílnum með þeim bönkuðu á dyrnar og þegar sá sem kom til dyra hafi séð að einn komumanna var með hafnarboltakylfu hafi hann alveg brjálást og sagt þeim að fara og að hann myndi hringja í lögreglu. Þá hafi hann og Arnar Þór hlaupið burtu.

Vitnið Einar Valur Sverrisson kvaðst hafa verið í 15 til 20 manna samkvæmi hjá Magnúsi að Móabardi 6b umrætt kvöld. Um kvöldið hafi verið bankað þar á dyr og hafi faðir Magnúsar farið til dyra og stuggað komumönnum frá og tekið hafnarboltakylfu af einum þeirra. Í kjölfarið hafi hann og Magnús hlaupið út ásamt tveimur öðrum og hafi þá komið til ryskinga fyrir utan og verið keyrt á vitnið. Sagðist vitnið ekki hafa þekkt neinn af komumönnum sem hafi verið þrír eða fjórir en hann hafi slegist við einn þeirra sem hafi fallið í götuna og síðan verið bakkað á. Sagði vitnið að sá sem hann slóst við hafi ekki verið sá sem kom með hafnarboltakylfunna. Hafi sá sem keyrði á vitnið verið búinn að bakka bílnum áður en hann keyrði á hann og þá hafi engu mátt muna ökumaðurinn keyrði á einn féлага sinna. Þegar vitnið varð fyrir bílnum kvaðst hann hafa snúið baki í bílinn sem var vínrauður Hyundai bíll. Rétt áður hafi verið kallað til hans að passa sig en hann hafi ekki náð að koma sér undan bílnum, einhverjir hafi verið í kringum hann en hann viti ekki hverjir þeir voru. Hann hafi ekki heyrt neitt bremsuhljóð áður en bíllinn lenti á honum og hafi hann skolið í götuna og steinrotast. Við þetta hafi hann meiðst á fæti og mjöðm, toгнаð á annarri öxlinni sem hann finni enn fyrir við vissar aðstæður. Aðspurður kvaðst hann þess fullviss að hann hafi enga áverka hlotið í slagsmálum fyrir utan Móabardið en hann muni ekkert sjálfur frá því að hann var á gangi þar í áttina að dyrunum þangað til hann var kominn í sjúkrahól. Tók vitnið fram að hann styddist við frásagnir annarra um að keyrt hafi verið á hann.

Vitnið Davíð Freyr Magnússon sagðist vilja halda sig við það sem hann hafi sagt í lögregluskýrslu og vilji engu við það bæta. Hann hafi lesið skýrslurnar yfir á sínum tíma og minnið sé svo gloppótt að hann geti engu við það bætt. Í skýrslu hjá lögreglu þann 14. maí sl. sagði Davíð að hann hafi verið sóttur af kunningjum sínum Arnari Val og Birgi Erni umrætt kvöld og hafi þeir komið við á bensínstöð í Hafnarfirði og síðan ætlað að heimsækja Magnús en hann muni ekki hver átti frumkvæðið. Þeir hafi ætlað að tala við Magnús vegna þess að hann hafi skömmu áður lamið féлага þeirra. Vitnið kannast við að hafa verið með hafnarboltakylfu sem hafi verið í bílnum er þeir knúðu dyra heim hjá Magnúsi og um leið og opnað var hafi komið í ljós að margir voru innan dyra og einhver hafi kallað upp að hringja þyrfti í lögreglu. Hafi margir þeirra sem voru innan dyra gert sig líklega til þess að berja á þeim þremur og hafi þrír þeirra reynt að berja til hans með hnífum og hugsanlega öðrum bareflum en hann hafi þó ekkert meiðst. Hann kannaðist ekki við að Birgir Örn hafi ekið á neinn og hann hafi ekki séð neinn féлага sinna vera með hníf eða hnífum beitt.

Vitnið Sverrir Baldur Torfason sem var einn gesta í umræddu samkvæmi sagðist kannast við að einhverjir strákar hafi komið þangað í umrætt sinn og einhverjir hafi hlaupið út og að komið hafi til átaka fyrir utan og síðan hafi einhver sem var á bíl augljóslega verið að reyna að keyra á alla og hafi hann sjálfur forðað sér upp á stein. Hann hafi séð Magnús liggja á jörðinni og haldið að að Magnús hafi verið sleginn en hann hafi ekki séð Magnús slá neinn. Sagði vitnið að hann hafi verið um það bil fjóra metra frá Magnúsi þegar einhver hafi komið út úr bílnum á þeim stað þar sem Magnús stóð og farið strax inn í hann aftur en Magnús legið eftir. Svar vitnisins við þeirri spurningu hvort komið hafi til átaka milli Magnúsar og þess sem kom út úr bílnum er svo ruglingslegt að ekki er hægt að henda á því reiður. Hann kvaðst hafa séð þegar keyrt var á Einar Val hjá bílastæðinu við heimili Magnúsar en ökumaðurinn hafi hægt aðeins á sér áður en hann ók á hann, sem sneri baki að bílnum, án þess þó að hann hafi heyrt bremsuhljóð og hafi hægra framhorn bílsins lent á Einari. Sagði vitnið að fólkið fyrir utan hafi ekki reynt að hefta för bílsins og ökumaður hefði getað ekið burt hefði hann viljað. Sagðist vitnið ekki muna tímaröð atburðanna almennilega. Kvaðst vitnið vera félagi Magnúsar og Einars.

Vitnið Steinþór Bjarni Helgason sem var einn gesta í umræddu samkvæmi sagði að bankað hafi verið á dyr og hafi pabbi Magnúsar farið til dyra og í kjölfarið hafi orðið einhver slagsmál en Birgir Steinn Einarsson kunningi vitnisins hafi sagt honum fyrir um kvöldið að von væri á strákum sem ætluðu að berja Magnús. Kvaðst vitnið hafa séð þegar bíl sem var fyrir utan var bakkað og síðan gefið í og keyrt á Einar en hann muni ekki hvort ökumaður hafi þá verið einn í bílnum. Hafi bíllinn farið fram hjá honum og beint á Einar og svo hafi bílnum verið bakkað aftur og þá hafi Magnús hlaupið á eftir bílnum og hafi hann þá heyrt brothljóð. Einhver hafi komið út úr bílnum og ýtt Magnúsi yfir eitthvert grindverk en vitnið hafi ekki séð hann stinga Magnús sem hafi hnigið niður. Sagðist vitnið hafa séð að þegar Einar varð fyrir framstuðaranum á bílnum þá hafi ökumaðurinn ekki hægt neitt ferðina og ekið viljandi á Einar. Eftir að vitnið heyrði brothljóð hafi hann séð að rúðan farþegamegin í bílnum var brotin. Aðspurt sagði vitni sig ráma í að hurðin hafi einhvern tíma í atburðarásinni verið opin þeim megin þegar bílnum var bakkað meðfram girðingunni en heldur að það hafi verið áður en Magnús hneig niður nálægt innkeyrslunni að Móabardi 2b.

Vitnið Garðar Guðmundsson, læknir, sagði um þá áverka sem Magnús hlaut þann 14. maí sl. að við stunguna hafi skorist í sundur nokkrar taugar og að hnífurinn hafi stöðvast í hryggjarliðnum en ekki hafi þurft neina sérstaka krafta til þess að stinga svona. Engu hafi mátt muna að lagið lenti á svæði þar sem eru stórar æðar og mikilvæg líffæri eins og þarmar og nýru. Taldi vitnið að Magnús hafi ekki verið í lífshættu en eins og á stóð hafi verið nauðsynlegt að loka með skurðaðgerð opi sem komið hafði á mænugöngin að öðrum kosti hefði mænuvökvinn lekið út sem leitt hefði til heilahimnubólgu sem vissulega geti verið lífshættuleg.

Vitnið Guðrún Guðmundsdóttir, móðir Magnúsar Einars, sagði að um sjö til átta krakkar hafi verið eftir í samkvæminu þegar umræddir atburðir gerðust. Sagði hún að hringt hafi verið dyrabjöllu og maður hennar Ólafur hafi farið til dyra og fljólega kallað til hennar að hringja þyrfti í lögregluna. Hún hafi fyrst litið út um glugga en síðan farið út. Þegar aðkomumennirnir voru komnir inn í bifreið sína hafi henni verið bakkað á fullri ferð niður eftir götunni og síðan hafi henni verið ekið á fleygiferð til baka og beint á Einar Val án þess að bremsa fyrir en að því loknu. Hafi

Einar Valur, sem sneri baki í bílinn, henst upp í loft og rotast. Hafi hún þá heyrð brothljóð og séð bílinn nálgast en síðan bakka á fullri ferð út götuna. Kom í ljós að Magnús hafði verið stunginn og hafi lögregla og sjúkrabíll komið fljótlega. Sagði vitnið að sonur hennar hafi ekkert getað unnið eftir atburðinn og eigi í erfiðleikum með hægðir og geti ekki pissað sjáfur auk þess að vera með skerta líkamskrafta.

Vitnið Magnús Einar Ólafsson, sagðist hafa átt afmæli þennan dag en frá því um kl. þrjú um daginn hafi honum borist hótanir í síma um að hann yrði barinn eða drepinn. Hann muni ekki hvort þeir sem voru með hótanirnar hefðu nafngreint sig. Hafi besti vinur hans, Birgir Steinn, hringt í hann frá ESSO í Hafnarfirði og sagt að þar hafi komið strákur með hníf sem væri á leiðinni heim til hans í þeim tilgangi að drepa hann. Sagði Magnús að þegar einhverjir hafi hringt dyrabjöllunni hafi faðir hans farið til dyra og sagt aðkomumönnunum að fara í burtu og síðan hafi allt farið í háloft. Hann hafi svo séð þegar ekið var á Einar Val vin hans og hafi hann þá elt bílinn og stokkið og sparkað í bílrúðuna farþegamegin og brotið hana en um leið og hann lenti eftir sparkið þá hafi hann ekki getað staðið upp eða hreyft sig. Hann hafi séð dökkhærðan mann sem hann ekki þekkti koma út úr bílnum í þann mund er hann lenti og hafi hann því næstum snúið í þann mann baki. Hann hafi ekki orðið stungunnar var heldur vaknað uppi á spítala á mánudeginum næsta. Kvaðst vitnið ekki hafa lent í neinum ryskingum við þann sem kom út úr bílnum enda hafi hann ekki getað það vegna þess að hann sneri í hann baki. Áður en ekið var á Einar Val hafi hann séð bifreiðinni bakkað og síðan hafi henni verið ekið beint á Einar án þess að bremsa áður og er henni var bakkað aftur og þá hafi hann hlaupið að bifreiðinni. Hafi bifreiðinni í raun verið ekið á hóp en allir hefðu náð að forða sér nema Einar Valur. Sagðist vitnið aldrei haft hönd á hafnarboltakylfu sem hann sá einhvern strák með. Hann hafi séð föður sinn rífa kylfuna af stráknum. Sagðist vitnið ekki hafa verið undir áhrifum annars en áfengis sem hafi verið lítil og kannast ekki við að hafa lent í neinum slagmálum í umrætt sinn. Sagði vitnið að það hefði mjög lítið þol eftir hnífstunguna og geti ekki pissað eða haft hægðir eðlilega. Hann haltri auk þess að vera með ljótt ör sem hann skammist sín fyrir. Þá finnist honum hann finna fyrir versnandi verkjum vegna stungunnar og hann geti ekki stundað áhugamál sín. Sagði Magnús aðspurður að hann geti illa gert sér grein fyrir því hversu langur tími hafi liðið frá því að bankað var á dyrnar þar til hann lá á jörðinni eftir stunguna en giskar á fimm til tíu mínútur.

Vitnið Ólafur Þór Jónsson, faðir vitnisins Magnúsar Einarssonar sagði að samkvæmi hafi verið í gangi þegar þau hjónin komu heim um kl. 23:30 um kvöldið en um nóttina hafi verið hringt dyrabjölllu og hann farið til dyra. Sagði vitnið að frá því að þau komu heim hafi verið um það rætt að einhver hefði verið með hótanir um að koma og þegar hann hafi komið til dyra þá hafi staðið þar fjórir strákar og heimtað með þjósti að fá að tala við Magnús. Hafi hann sagt þeim að hann væri ekki þarna og þeir skyldu bara koma sér í burtu. Þeir hafi ekki gert sig neitt líklega til þess að fara og hafi hann ýtt þeim frá og tekið hafnarboltakylfu af einum þeirra. Í kjölfarið hafi einhverjir af þeim sem voru í samkvæminu komið út og komið til átaka milli þeirra og komumanna en einn þeirra, bílstjórinn, hafi farið inn í bílinn og bakkað burtu. Hafi hann reynt að stöðva slagsmálin en hann muni ekki hverjir voru að slást. Hann kveðst þó vera viss um að Magnús hafi ekki tekið neinn þátt í slagsmálunum enda hafi hann sagt Magnúsi að halda sig til hlés. Hafi vitnið næst séð að bílnum var gefið í botn og virtist ætlunin að keyra vísvitandi á þá þrjá sem voru í vegi fyrir bílnum en einn strákur sem lá á götunni eftir slagsmálin hafi rétt náð að velta sér frá til þess að að verða ekki fyrir bílnum. Þegar vitnið sá hvað verða vildi hafi hann

öskrað á strákana til þess að vara þá við bílnum en þeir sem voru með Einari hafi náð að forða sér en hann ekki enda hafi hann snúið baki í bílinn. Í þann mund hafi hann heyrt eitthvert „splashljóð“ neðar í götunni og séð einhvern liggja þar og svo hafi hann séð á klæðnaði þess sem þar lá að það var Magnús sonur hans og hélt hann í fyrstu að bílnum hefði verið ekið á hann. Hann hafi farið til hans og þegar hann ætlaði að hjálpa honum á fætur þá hafi hann ekki getað staðið í fæturna. Áttaði hann sig fljólega á því hvers kyns var því blóðið pumpaðist úr sári sem Magnús hafði fengið. Sagði vitnið að þegar ekið var á Einar Val þá hafi hann verið staddur nærri bílastæðinu við hús sitt. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið var við að bifreiðin dræpi neitt á sér. Kannaðist vitnið við að hafa bankað í framrúðuna bílstjóra megin með hafnarboltakylfunni sem hann tók af einum aðkomumannanna. Taldi vitnið að þessi atburðarás hafi hugsanlega staðið í 10 til 15 mínútur og þegar hann opnaði fyrir aðkomumönnum hafi honum fundist þeir vera ógnandi og ekki komnir til þess að spjalla og ekki sagt á sér deili. Sagði vitnið að um tvöleytið um nóttina hefðu verið á milli sjö og átta gestir eftir í samkvæminu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð nein tormeiki á því fyrir þann sem ók bifreiðinn að aka burtu hindrunarlaust, því fólkið sem var þarna hafi ekki með neinum hætti þvælst fyrir bifreiðinni og komið þannig í veg fyrir brottför hennar a.m.k. ekki viljandi.

Vitnið Páll Fannar Pálsson sem var einn samkvæmisgesta sagði að þegar bankað var uppá um nóttinna hafi sex til sjö gestir verið eftir. Hann hafi séð föður Magnúsar taka hafnarboltakylfu af einum aðkomumanna og síðan hafi orðið einhver átök og svo hafi hann séð þegar einn strákanna sem kom hafi ekið bíl á Einar. Hafi hann þá farið inn og sagt að hringja þyrfti á lögreglu en þegar hann kom út aftur hafi verið búið að stinga Magnús. Hann muni ekki vel sökum ölvunar hverjir voru að slást en man þó að hann hafi slegist sjálfur og einnig Einar, Jón og Steinþór en kvaðst ekki vita hvort Magnús hafi gert það.

Vitnið Ingibjörg Sigursteinsdóttir kvaðst hafa séð umrædda atburði. Henni hafi verið litið út um svefnherbergisgluggann er hún vaknaði við einhvern hávaða og hafi hún þá séð fullt af krökkum hlaupandi um allt og bíl aka áfram og á einhverja krakka. Hafi henni sýnst einn liggja eftir en bíllinn hafi bakkað á fullu í burtu. Virtist vitninu annar liggja líka en lengra í burtu og hafi hún haldið að keyrt hafi verið á hann líka. Sagði vitnið að henni hafi vírst vera mikill æsingur í krökkunum en hún hafi ekki veitt því athygli hvort hurð á bílnum hafi verið opin en henni hafi vírst vera ekið viljandi inn í krakkahópinn og minnst þess að hafa sagt er hún lét lögreglu vita að einhver væri að aka á krakka. Hafi þessi atburðarás að henni fannst staðið mjög stutta stund, ekki tíu frekar eina eða tvær mínútur.

Vitnið Brynjar Örn Svavarsson sagði að hann hafi verið með kunningja sínum sem náði í Arnar Val í sumarbústað. Hafi Arnar Valur sagt að hann hafi stungið einhvern gaur rétt hjá OB bensínstöðinni og talað um að hann yrði að sætta sig við að fara á Hraunið. Hafi Arnar Valur verið að pæla í því hvort finnast myndu sönnunargögn sem tengdu hann við þetta. Hafði vitnið eftir Arnari Val að hnífurinn hefði farið alveg inni bakið á þeim sem hann stakk og að hnífurinn hefði festst og hann hafi þurft að rykkja í hann til þess að ná honum út. Fannst vitninu eins og Arnar væri með „smá samviskubit“ og hræddur um að hafa drepið strákinn. Arnar hafi ekki nefnt hvern hann hafi stungið heldur bara talað um að hafa stungið einhvern gaur.

Vitnið Jón Gunnar Sigurgeirsson, rannsóknarlögreglumaður, sagði að Arnar Valur hefði spurt um það í fangaklefanum hvernig þeim liði sem hann hafi stungið og

Þegar honum var sagt að hann væri lifandi hafi Arnar sagt efnislega að hann vildi að hann hefði drepist. Arnar Valur hafi nafngreint Magnús en lögregla hafi ekki gefið honum neinar upplýsingar um það hver hafi verið stunginn á þessu stigi. För eftir hjól bifreiðar sem sjá mátti á vettvangi hafi vitnið talið vera annars vegar spólför og hins vegar bremsuför. Þau sem voru nær Móabardi 6b hafi verið bremsuför en þau sem voru fjær spólför en þetta megi ráða af því að þegar beygja er í förum bendi það til spólfara en bremsuför séu bein. Kvaðst vitnið hafa séð förim auðveldlega þegar hann kom á vettvang enda hafi ekki verið myrkur.

Vitnið Arnar Þór Þórsson sagði um samskipti við stráka við ESSO bensínstöðina að þeir hefðu spurt sig hvort hann þekkti Magnús sem hann hafi gert því þeir hafi verið saman verið í skóla. Hafi strákarnir boðið honum að koma með en hann hafi vitað um samkvæmi heima hjá Magnúsi og því farið með þeim í bílnum til þess að vísa þeim veginn. Sagði vitnið að strákarnir hafi verið að tala illa um Magnús áður en þeir fóru inn í bílinn en hann talið þetta saklaust þar til á leiðinni er þeir fóru að tala um að hótta honum lífláti. Hann hafi ekkert þorað að segja því þeir hafi verið með hníf og hafnarboltakylfu og hann orðið mjög hræddur. Hafi vitnið haldið fyrst að þeir væru á leiðinni í party. Þegar komið var á staðinn hafi þeir hringt dyrabjöllu og hafi pabbi Magnúsar komið til dyra og öskrað eitthvað á þá og þá hafi hann og félagi hans Leó Ólafsson hlaupið í burtu. Þegar borið var undir hann það sem hann bar hjá lögreglu um það að strákarnir hafi sagt að þeir ætluðu heim til Magnúsar til þess að berja hann, eða foreldra hans ef hann ekki væri heima, og eins að hann hafi ekki heyrt þá tala um að beita hnífnum, sagði vitnið að þeir hafi talað um mjög grófa hluti en hann muni ekki nákvæmlega hvað þeir sögðu en hann hafi séð hnífinn. Þetta sé því rétt eftir honum haft. Kvaðst vitnið hafa séð þann sem var með hnífinn veifa honum á átt að húsinu fyrir utan heimili Magnúsar.

Vitnið Sindri Freyr Sigurbjartsson kvaðst hafa orðið vitni að umræddum atburðum, hann hafi séð hópslagsmál og síðan hafi verið keyrt á einn strák, Einar Val, sem ekki hafi náð að forða sér. Magnús hafi þá hlaupið að bílnum og barið í hann og brotið rúðu í honum en síðan hafi komið strákur út úr bílnum og veist að honum og eftir nokkrar sekúndur hafi Maggi hnigið niður. Þegar þetta gerðist hafi verið greið leið fyrir bílinn að fara í burtu. Sagði vitnið að áður en keyrt var á strákinn hafi bílinn næstum bakkað á sig en síðan „negldi hann niður“ og keyrði á Einar sem hafi dottið. Ekki kvaðst vitnið hafa séð Einar Val taka þátt í neinum slagsmálum.

Vitnið Óskar Hrafn Guðmundsson sagðist hafa séð bifreið ekið inn Móabardið á miklum hraða og á einn strák. Fannst honum sem það hafi bara verið tilviljun að fleiri urðu ekki fyrir henni. Hafi sá sem varð fyrir bílnum lent á horni hans farþegamegin og við þetta hafi hann fallið í götuna og legið nokkuð lengi hreyfingarlaus. Síðan hafi bílnum verið bakkað á miklum hraða til baka sem „ekki var síður brjálæðislegt.“ Kvaðst vitnið svo hafa misst sjónar af bílnum en hann hafi séð þetta út um stofugluggann á heimili sínu sem þá var.

Vitnið Jón Ólafur Þorsteinsson kvaðst hafa verið í umræddu samkvæmi. Sagði vitnið að komið hafi til einhverra hópslagsmála við aðkomumenn sem bönkuðu uppá um nóttina en hann hafi ekki tekið þátt í þeim. Vitnið sagðist hafa séð þegar keyrt var á Einar Val en „það hafi eiginlega verið keyrt svona tvisvar á hann.“ Kvaðst vitnið hafa staðið þarna úti en hlaupið inn þegar hann sá hvað gerðist til þess að hringja í lögregluna og þegar hann kom út þá hafi Einar Valur og Magnús legið á jörðinni og hafi systir Magnúsar haldið utanum bróður sinn. Kvaðst vitnið

hafa stokkið til hliðar einu sinni til þess forða sér frá bílnum. Sagði vitnið að það hafi ekki séð þegar Magnús var stunginn og að hann minnst þess ekki af hafa sagt það hjá lögreglu. Kveðst vitnið aðspurt um það hversu langan tíma umrædd atburðarás hafi tekið ekki geta áttað sig á því. Sagði vitnið að hann hafi ekki talið sig í mikilli hættu þegar bíllinn keyrði að honum og að hann hefði getað keyrt á hann hefði hann viljað það.

A. Niðurstaða í þætti Birgis Arnar:

Ákærða Birgi Erni er gefið að sök í 1. lið ákæru að hafa ekið á Einar Val Sverrisson þann 14. maí 2006 með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru. Ákærði Birgir Örn hefur viðurkennt að þegar atvik sem hann er sakaður um að hafa verið valdur að gerðist þá hafi hann verið ökumaður bifreiðar sinnar RO-573. Styðst þetta einnig við framburð ákærða Arnars Vals sem var með honum í bílnum. Í gögnum málsins liggur fyrir matsgerð sem framkvæmd var á blóðsýni og þvagsýni úr ákærða Birgi Erni á Rannsóknarstofu H.Í. í lyfja- og eiturefnafræði og samkvæmt henni var hlutaðeigandi undir áhrifum áfengis þegar blóðsýnið var tekið kl. 07.00 um morguninn eftir atvikið sem um er fjallað. Jafnframt liggur fyrir staðfesting ákærða Birgis Arnar á því að hann hafi ekki neytt áfengis eftir að þeim akstri lauk sem talinn er tengjast þessu atviki. Þykir því í ljós leitt að er hann var ökumaður bifreiðarinnar er hið meinta brot er talið hafa verið framið þá hafi hann verið undir áhrifum áfengis sem hann þó andmælti í skýrslu sinni fyrir dómi. Hefur ákærði Birgir Örn sagt að hann muni ekki eftir því að hafa ekið á neinn og að hann hafi verið skíthræddur, strákar hafi verið að berja bílinn utan og fólk allt í kring og hafi hann því verið að reynt að snúa bílnum til þess að koma sér í burtu.

Framburður ákærða Arnars Vals fyrir dómi varðandi hina meintu háttsemi ákærða Birgis Arnars við aksturinn verður að teljast mjög ruglingslegur. Fyrir dóminum var borinn undir Arnar Val framburður hans fyrir lögreglu þann 14. maí sl. þar sem eftir honum er haft að ákærði Birgir Örn hafi orðið mjög reiður og tekið sig til og keyrt á tvo stráka. Mótmælir ákærði Arnar því ekki að þetta sé rétt eftir honum haft en þetta megi skilja á allt að þrjá vegu og sé hann þeirrar skoðunar að Birgir hafi ekki ætlað sér að keyra á strákana. Er ákærði Arnar var inntur eftir því við skýrslutöku hjá lögreglu þann 23. maí sl. hvað hann ætti við með þessu framburði sínum sagði hann „Auðvitað var Biggi reiður þar sem þeir voru að sparka í bílinn hans. Hann setti í gír og gaf í og keyrði beint á strákana.“ Af þessum sökum telur dómurinn að við sönnunarmat verði fremur að horfa til þess sem samkvæmt orðanna hljóðan er haft eftir Arnari Val í lögregluskýrslum en hins ruglingslega dómsframburðar hans.

Í vitnisburði Einars Vals kemur fram að hann hafi ekki þekkt þann sem keyrði á hann en sá hafi verið búinn að bakka bílnum áður. Hann hafa snúið baki í bílinn sem var vínrauður Hyundai bíll en rétt áður var kallað til hans að passa sig en hann hafi ekki náð að koma sér undan bílnum Hann hafi ekki heyrt neitt bremsuhljóð áður en bíllinn lenti á honum og hann skolið í götuna og steinrotast.

Vitnið Sverrir Baldur Torfason, sem var á þeim stað sem hin meinta ákeyrsla átti sér stað, kvaðst hafa séð þegar keyrt var á Einar Val hjá bílastæðinu við heimili Magnúsar Einars en ökumaðurinn hafi hægt aðeins á sér áður en hann ók á Einar, sem hafi snúið baki að bílnum Sagði vitnið að hann hafi ekki heyrt neitt

bremsuhljóð og hafi hægra framhorn bílsins lent á Einari. Þá bar vitnið að fólkið fyrir utan hafi ekki reynt að hefta för bílsins og ökumaður hefði getað ekið burt hefði hann viljað.

Vitnið Steinþór Bjarni Helgason, sem var á þeim stað sem hin meinta ákeyrsla átti sér stað, kvaðst hafa séð þegar bíl sem var fyrir utan hafi verið bakkað og síðan gefið í og keyrt á Einar Val en hann muni ekki hvort ökumaður hafi þá verið einn í bílnum. Hafi bíllinn farið fram hjá honum og beint á Einar og svo hafi bílnum verið bakkað aftur. Sagðist vitnið hafa séð þegar Einar varð fyrir framstuðaranum á bílnum og ökumaðurinn hafi ekki hægt neitt ferðina og ekið viljandi á Einar.

Vitnið Guðrún Guðmundsdóttir, sem býr á Móabardi 6b og var þar stödd þegar hin meinta ákeyrsla átti sé stað, sagði að þegar aðkomumennirnir voru komnir inn í bifreið sína hafi henni verið bakkað á fullri ferð niður eftir götunni og síðan hafi henni verið ekið á fleygiferð til baka og beint á Einar Val án þess að bremsa fyrir en að því loknu. Hafi Einar sem sneri baki í bílinn henst upp í loft og rotast.

Vitnið Magnús Einar Ólafsson, sem var á þeim stað sem hin meinta ákeyrsla átti sér stað, sagði að hann hafi séð þegar ekið var á Einar Val, vin hans. Áður en ekið var á Einar Val hafi hann séð bifreiðinni bakkað og henni síðan ekið beint á Einar án þess að bremsa áður og er henni var bakkað aftur þá hafi hann hlaupið að bílnum. Hafi bílnum í raun verið ekið á hóp en allir hefðu náð að forða sér nema Einar Valur.

Vitnið Ólafur Þór Jónsson, sem býr að Móabardi 6b, kvaðst hafa séð að einn aðkomumaðurinn hafi farið inn í bílinn og bakkað burtu og svo séð séð að bílnum var gefið í botn og virtist ætlunin að keyra vísvitandi á þá þrjá sem voru í vegi fyrir bílnum en einn strákur sem lá á götunni eftir slagsmálin hafi rétt náð að velta sér frá til þess að að verða ekki fyrir bílnum. Þegar vitnið sá hvað verða vildi hafi hann öskrað á strákana til þess að vara þá við bílnum og hafi þeir sem voru með Einari náð að forða sér en hann ekki enda hafi hann snúið baki í bílinn.

Vitnið Páll Fannar Pálsson, sem var á þeim stað sem hin meinta ákeyrsla átti sér stað, sagðist hafa séð þegar einn strákanna sem komu þarna hafi ekið bíl á Einar Val.

Vitnið Ingibjörg Sigursteinsdóttir, sem býr við Móabard, sagði að henni hafi verið litið út um svefnherbergisgluggann sinn er hún vaknaði við einhvern hávaða og hafi hún þá séð fullt af krökkum hlaupandi um allt og bíl aka áfram og á einhverja krakka og einn hafi henni sýnst liggja eftir en bíllinn hafi síðan bakkað á fullu í burtu. Virtist vitninu annar liggja líka lengra í burtu og hafi hún haldið að keyrt hafi verið á hann líka en henni hafi virst vera ekið viljandi inn í krakkahópinn.

Vitnið Sindri Freyr Sigurbjartsson, sem kvaðst hafa orðið vitni að umræddum atburði, sagði að hann hafi séð þegar keyrt var á Einar Val. Kom fram í vætti hans að áður en keyrt hafi verið á Einar Val hafi engu mátt muna að bíllinn bakkað á sig en síðan hafi hann „neglt niður“ og keyrt á Einar Val sem hafi fallið í götuna.

Vitnið Óskar Hrafn Guðmundsson, sem bjó við Móabard á þeim tíma þegar meint ákeyrsla átti sér stað, bar að hann hafi séð bifreið koma keyrandi inn Móabardið á miklum hraða og keyra á einn strák og það hafi bara verið tilviljun að hann keyrði ekki á fleiri en sá sem varð fyrir bílnum hafi lent á horni hans farþegamegin og við

Þetta hafi hann fallið í götuna og legið nokkuð lengi hreyfingarlaus. Þetta hafi hann séð út um stofugluggann á heimili sínu sem þá var.

Vitnið Jón Ólafur Þorsteinsson, sem var staddur þarna, sagðist hafa séð þegar keyrt var á Einar Val.

Þá kemur fram í vitnisburði Theódórs Friðrikssonar lækni, sem skoðaði Einar Val á slysadeild umrædda nótt að áverkar á Einari Val geti alveg samræmst því að vera eftir það að hafa lent í götunni eftir fall auk þess sem hann telur líklegt að þeir áverkar sem hann bar hafi verið eftir eina ákomu vegna þess að þeir séu allir sömu megin. Hefur vitnið staðfest að Einar hafi borið þá áverka sem í ákæru er lýst. Það sem nú hefur verið rakið þykir renna stoðum undir það að yfir allan vafa séð hafið að ekið hafi verið á Einar Val umrædda nótt og að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið ákærði Birgir Örn Birgisson. Telur dómurinn jafnframt að af vitnisburðum megi slá því föstu að ákærði hafi haft ásetning til verksins þrátt fyrir neitun hans. Þykir því fram komin lögfull sönnun fyrir því að ákærði Birgir Örn Birgisson sé sannur að sök um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í 1. lið ákæru, með þeim afleiðingum sem þar er lýst, og réttilega er talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Um það hvort sönnuð verði sök á ákærða af þeirri háttsemi sem á hann er borin í 2. lið ákæru er nánast engum sönnunargögnum til að dreifa. Eini vitnisburðurinn sem við er að styðjast er vitnisburður Jóns Ólafs Þorsteinssonar sem ákærði er sakaður um að hafa ekið að og með því stofnað lífi hans og heilsu á ófyrirleitinn hátt í auljósan háska. Segir vitnið Jón Ólafur að hann hafi ekki talið sig í hættu þegar bílnum var ekið að honum. Með hliðsjón af þessum framburði og neitun ákærða Birgis Arnar verður að telja að sakargiftir á hendur honum samkvæmt þessum lið séu ósannaðar og ber því að sýkna hann af þeim.

Við mat á refsingu ákærða er litið til þess, annars vegar, að honum hafi mátt vera ljóst að sá verknaður að aka bifreið á mann vísitandi stofnar lífi og limum þess sem fyrir verður í mikinn og augljósan háska. Þá ber einnig að hafa í huga að ákærði var ölvaður undir stýri bifreiðarinnar þegar hann framdi brot sitt þrátt fyrir að hann sé ekki sakaður um það sérstaklega. Þá er haft í huga að fleirum stafaði hætta af akstri ákærða sem sagði m.a. sjálfur að fullt hafi verið af fólki í kringum bílinn sbr. 3. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Við refsimat verður með vísan til 2., 4. og 5. tl. sömu lagagreinar hins vegar á það litið að ákærði var nýlega orðin átjan ára er hann framdi brot sitt, afleiðingar þess reyndust mun léttvægari en þær gætu hafa orðið og að ekki er kunnugt um að hann eigi neinn sakaferil að baki.

Þegar allt þetta er virt þykir refsing hans hæfilega ákvörðuð 12 mánaða fangelsi sem rétt þykir að skilorðsbinda til 3 ára. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar en útlagður kostnaður nemur samkvæmt yfirliti saksóknara 152.555 krónum. Að auki skal hann greiða $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns Þormóðs Skorra Steingrímssonar, sem þykja hæfilega ákveðin 436.995 krónur, eða 327.746 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra eða 109.249 krónur greiðist úr ríkissjóði.

B. Niðurstaða í þætti ArnarsVals:

Ákærði Arnar Valur hefur skýlaust játað sök samkvæmt 1. og 3. lið ákæru. Hvað varðar 2. lið sagði ákærði fyrir dómi að hann játaði þá háttsemi sem þar er lýst en að það hafi ekki verið ætlun hans að valda Magnúsi Einari líkamstjóni. Að þeim atburði þegar ákærði Arnar Valur stakk Magnús Einarsson eru nokkur vitni. Ráða má af framburðum þeirra sem sáu atburðinn úr nokkurri fjarlægð að ákærði hafi farið út úr bílnum sem var á leið burt af því svæði sem þeir atburðir gerðust sem mál þetta fjallar um. Hafi þetta nánar tiltekið verið þegar Magnús Einar braut rúðu í bílnum með því að sparka í hana eins og hann hefur lýst.

Lýsti ákærði Arnar Valur atvikum þannig fyrir dóminum.

Einhver hinna hafi haldið áfram að sparka í bílinn alveg út götuna. Hafi hann þá farið út úr bílnum og orðið svolítið reiður og ætlað að ýta honum frá en sá hafi þá verið með einhver leiðindi og reynt að slá til sín og þá hafi ákærði ýtt til hans og stungið hann með hnífnum.

Þegar hann hafi stungið strákinn sagðist hann hafa staðið til hliðar við hann. Hann hafi ekki beitt miklu afli enda aldrei verið meiningin að meiða hann svona eins og raunin varð. Hann hafi ekkert verið búinn að velta því fyrir sér hvaða afleiðingar hnífstungan gæti haft í för með sér. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrr en eftir á að stungan gæti verið lífshættuleg. Hann hafi dregið hnífinn strax úr sárinu en stífara hafi verið að ná hnífnum út en reka hann inn því hann hafi þurft að rykkja í hnífinn til þess að ná honum út. Hann muni ekkert eftir því að hafa hreyft hnífinn eða snúið honum í sárinu. Hnífinn hafi hann verið með til þess að tryggja öryggi sitt. Hann kvaðst hafa fengið hnífinn lánaðann fyrr um kvöldið og ætlað að nota hann til þess að geta ógnað. Notkun hans á hnífnum hafi verið ónauðsynleg en hann hafi verið í æstu skapi vegna áfengisáhrifa.

Í skýrslu hjá lögreglu þann 14. maí sagði ákærði Valur Arnar að allt í einu hafi rúða verið brotin og glerbrotum hafi rignt yfir hann. Kvaðst hann þá hafa farið út úr bílnum en þá hafi einhver gaur verið hoppandi og sparkandi í bílinn. Þessi gaur hafi brotið rúðuna „þannig að þegar ég var kominn út úr bílnum stakk ég þennan strák mjög fljótlega.“ Í skýrslu hjá lögreglu 23. maí sl. er haft eftir ákærða Arnari Val að einn strákur hafi haldið áfram að sparka í bílinn. Hann hafi þá farið út úr bílnum og ætlað að ýta honum frá og ógna honum með hnífnum en svo fór að ég stakk hann og það hafi bara verið af því að þessi eini strákur hafi haldið áfram að sparka í bílinn Sagði hann að hann hafi verið um 40 sekúndur fyrir utan bílinn, stungið strákinn og verið snöggur inn í bílinn aftur.

Ákærði Birgir Örn sagði að hann hafi stoppað bílinn eftir að þeir gátu ekið burtu en það hafi verið þegar ákærði Arnar Valur fór út úr honum þegar hliðarrúðan brotnaði og hafi hann beðið þar til Arnar Valur var kominn aftur inn í bílinn.

Vitnið Sverrir Baldur Torfason sagði að hann hafi séð Magnús liggja á jörðinni og haldið að hann hafi verið sleginn en hann hafi ekki séð Magnús slá neinn. Sagði vitnið að hann hafi verið um það bil fjóra metra frá Magnúsi þegar einhver hafi komið út úr bílnum á þeim stað þar sem Magnús stóð og farið strax inn í hann aftur en Magnús legið eftir. Svar vitnisins við þeirri spurningu hvort komið hafi til átaka milli Magnúsar og þess sem kom út úr bílnum er svo ruglingslegt að ekki var hægt að henda á því reiður.

Vitnið Magnús Einar Ólafsson sagði að frá því um kl. þrjú um daginn hafi honum borist hótanir í síma um að hann yrði barinn eða drepinn. Hann muni ekki hvort þeir sem voru með hótanirnar hefðu nafngreint sig. Hafi besti vinur hans, Birgir Steinn, hringt í hann frá ESSÓ í Hafnarfirði og sagt að þar hafi komið strákur með hníf sem væri á leiðinni heim til hans í þeim tilgangi að drepa hann. Hann hafi séð þegar ekið var á Einar Val vin hans og hafi hann þá elt bílinn og stokkið og sparkað í bílrúðuna farþegamegin og brotið hana og um leið og hann lenti eftir sparkið þá hafi hann ekki getað staðið upp eða hreyft sig. Hann hafi séð dökkhærðan mann sem hann ekki þekkti koma út úr bílnum í þann mund er hann lenti og hafi hann næstum snúið í þann mann baki. Hann hafi ekki orðið stungunnar var heldur vaknað uppi á spítala á mánudeginum næsta. Kvaðst vitnið ekki hafa lent í neinum ryskingum við þann sem kom út úr bílnum enda hafi hann ekki getað það vegna þess að hann sneri í hann baki. Vitnið Ólafur Þór Jónsson, faðir Magnúsar Einars, sagðist hafa heyrt eitthvert „splashljóð“ neðar í götunni og séð einhvern liggja þar. Svo hafi hann séð á klæðnaði þess sem þar lá að það var Magnús Einar sonur hans og hélt hann í fyrstu að bílnum hefði verið ekið á hann. Hann hafi farið til hans og þegar hann ætlaði að hjálpa honum á fætur þá hafi hann ekki getað staðið í fæturna. Áttaði hann sig fljótlega á því hvers kyns var því blóðið pumpaðist úr sári sem Magnús hafði fengið.

Vitnið Sindri Freyr Sigurbjartsson kvaðst hafa orðið vitni að umræddum atburðum, hann hafi séð hópslagsmál og síðan hafi verið keyrt á einn strák sem ekki hafi náð að forða sér. Magnús hafi þá hlaupið að bílnum og barið í hann og brotið rúðu í honum en síðan hafi komið strákur út úr bílnum og veist að honum og eftir nokkrar sekúndur hafi Magnús hnigið niður.

Þeir vitnisburðir sem nú síðast hafa verið raktir eru vitnisburðir þeirra sem sjá atburðinn gerast skammt frá, eiga það allir sammerkt að lýsa því að ákærði hafi brugðið sér út úr bílnum og nánast andartaki síðar hnígur Magnús niður og ákærði er kominn inn í bílinn og bíllinn brunar burt. Átök vekja enga athygli vitnanna og ekkert þeirra nefnir að Magnús hafi verið með hafnarboltakylfu.

Þegar það sem nú hefur verið rakið, ekki síst það sem haft er eftir ákærða Arnari Val og brotaþolanum Magnúsi Einari er ljóst að atburðarásin var mjög hröð. Nánast ekkert er minnst á að til beinna átaka hafi komið milli síðastnefndra. Virðist ákærði hafa rekið hnífinn, sem er veiðihnífur með 14,5 sm löngu og allt að 2,7 sm breiðu blaði, á kaf í bakið á brotaþola. Af framangreindum vitnisburðum má ráða að árásin hafi verið beinskeitt og fyrirvaralaus. Engin orðaskipti hafi átt sér stað milli Magnúsar og ákærða sem virðist hafi nánast snúið baki í ákærða. Þær skýringar hans að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því eða velt því fyrir sér fyrir en eftir á að hnífstungan gæti verið lífshættuleg koma honum í því sambandi ekki að neinu haldi sem málsbætur að mati dómsins.

Tilfni til árásarinnar verður ekki með nokkru móti talið í neinu réttlætanlegu samhengi við það sem á undan var gengið. Yfir allan vafa er hafið að það var beinn ásetningur ákærða að stinga Magnús Einar með þeim hætti sem lýst hefur verið og að sú hnífstunga var til þess fallin að binda enda á líf Magnúsar Einars. Þegar ákærði var inntur eftir því hjá lögreglu þann 23. maí 2006 hvenær hann hafi tekið hnífinn úr slíðrinu svaraði ákærði: „Ég var inni í bílnum, bara rétt áður en ég stakk hann.“

Verður því litið á atlögu ákærða sem tilraun til manndráps og háttsemi hans talin varða við 211. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 Að mati dómsins á ákærði sér engar málsbætur.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi unnið til refsingar fyrir tilraun til manndráps auk þjófnaðar og tilraun til nytjastuldar en síðasttöldu brotin tvö sem varða við 244. gr. hið fyrri og 259. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur ákærði bæði játað fyrir dómi.

Um ákvörðun refsingar ofl.

Afleiðingum atlögunnar er áður lýst m.a. í framburðum þeirra lækna sem önnuðust Magnús Einar eftir að komið var með hann á slysadeild. Í læknisvottorði Páls E. Ingvarssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum á Endurhæfingasviði LSH sem aflað var að ósk ríkissaksóknara og ekki hefur sætt andmælum eru dregnar ályktanir um ástand og horfur Magnúsar Einarssonar vegna afleiðinga af hnífstungunni. Þar segir orðrétt: Að hinn slasaði er með sögu um sjúkdómseinkenni og einkenni við líkamsskoðun og taugaskoðun sem í öllu samræmist því að hafa orsakast af stungusári inn í bilið milli neðsta lendarhryggjarliðar og spjaldhryggjar í mjóbaki; Að hinn skaðaði hafi verið í nokkurri lífshættu, ekki síst vegna mænuvökvalokans í upphafi sem krafðist taugaskurðaðgerðar til að koma í veg fyrir og loka stóru gati á mænuhimnu, en slíkur vökvaloki eykur allverulega hættuna á sýkingu í miðtaugakerfi, sem auðveldlega getur verið lífshættuleg.;“ Þá lýsir sérfræðingurinn þeim afleiðingum sem m.a. hafa komið fram eins og því að Magnús Einar hafi minnkaðan mátt og skyntap í vinstri ganglim, upphafna blöðrustjórnum, skerta hægðastjórnum, skerta getu til þess að stunda kynlíf og taugaverki og að miklar líkur séu á að svo muni verða ævilangt.

Í þágu rannsóknafnisisins sem leiddi til ákæru fyrir tilraun til manndráps hefur ekki verið talin ástæða til þess að láta fara fram sérstakt mat á því hvort vafi gæti leikið á um sakhæfi Arnars Vals samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga, eða hvort refsing gæti skilað árangri. Aflað var greiningar- og meðferðarskýrslu frá Stuðlum og stöðumats frá Barnaverdarnefnd Kópavogs. Í þessum gögnum kemur fram að ákærði á við veruleg félagsleg vandamál að stríða, hvatvísi, hegðunarerfiðleika og kvíðaeinkenni. Þá kemur fram að hann hefur neytt áfengis og vímuefna frá unga aldri. Þrátt fyrir þetta hefur þó ekki komið fram vísbending sem gefur tilefni til þess að ákærði sæti rannsókn varðandi sakhæfi. Er dómendum ljóst að ákærði á við mikil og erfið vandamál að stríða og þarfnast greinilega sértækrar meðferðar. Þó þykir ekki ástæða til þess að draga í efa sakhæfi hans.

Ákærði sem fæddur er 9. október 1987 hefur samkvæmt sakavottorði verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. þann 11. nóvember 2005 en þá var ákvörðun refsingu frestað skilorðsbundið í 1 ár. Hann hlaut næst 3 mánaða skilorðsbundin fangelsisdóm til 2. ára 2. júní 2006 fyrir brot gegn 244. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot gegn umferðarlögum. Þá hlaut hann dóm fyrir brot gegn 257. gr. almennra hegningarlaga þann 15. s.m. en um var að ræða hegningarauka og ekki gerð sérstök refsing.

Árásin á Magnús Einar var sérstaklega ófyrirleitin og beindist gegn lífi hans og réði tilviljun ein, og hugsanlega viðbrögð nærstaddra að Magnúsi Einari var strax komið undir læknishendur og síðan gerð á honum nauðsynleg skurðaðgerð, því að ákærði náði ekki markmiði sínu. Árásin var gerð í flýti Magnúsi að óvörum með vopni sem augljóslega er til þess fallið bana manni með sé því beitt af því afli sem veldur slíkum áverka sem hér varð raunin. Að mati dómsins á ákærði sér engar málsbætur.

Um brot ákærða gegn 244. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hann er nú einnig sakfelldur fyrir þykir ekki ástæða til að fara fleiri orðum. Refsing ákærða nú verður í samræmi við ákvæði 60. gr. og málið sem dæmt var þann 2. júní 2006 dæmt með. Þau brot sem nú er dæmt fyrir voru öll framin fyrr en sá dómur var upp kveðinn og verður því refsing tiltekin í einu lagi sem hegningarauki eftir reglum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar allt þetta er haft í huga og með hliðsjón af 1. 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. maí 2006 til dagsins í dag með fullri dagatölu.

Skaðabótakröfur.

Vátryggingafélag Íslands hf. krefst bóta að fjárhæð 57.700 vegna innbrots í bifreiðina PD-349 þann 18. mars 2006. Miðast fjárhæð bóta við þær bætur sem félagið greiddi tjónþolanum vegna þessa atviks að viðbættri eigin áhættu. Ákærði hefur gengist við þessu broti og tjáð sig reiðubúinn til þess að greiða skaðabætur til þeirra sem hafi orðið fyrir tjóni vegna þess máls. Fyrir liggur sundurliðun á því með hvaða hætti tjónið er reiknað út miðað við verðmat þess sem tekið var í innbrotinu. Af hálfu ákærða er þessum útreikningi ekki mótmælt og verður ákærði því dæmdur til greiðslu 57.700 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá tjónsdegi 18. mars 2006, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá 6.11 2006 til greiðsludags.

Þá liggur fyrir skaða- og miskabótakrafa sem Jón Höskuldsson hdl. hefur gert f.h. Magnúsar Einars Ólafssonar á hendur ákærða Arnari Val. Nemur krafa þessi alls 2.960.626 krónum og sundurliðast hún þannig:

1. Tímabundið tekjutjón	kr.	396.612
2. Þjáningarbætur	kr.	83.550
3. Fatnartjón	kr.	22.920
4. Kostnaður v/Sjúkraflutnings	kr.	3.500
5. Útlagður kostnaður v/ferðar	kr.	218.370

- | | |
|---------------------------|---------------|
| 6. Miskabætur | kr. 2.000.000 |
| 7. Þóknun lögmanns m/vsk. | kr. 235.674 |

Er krafist dráttarvaxta samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af bótakröfunni frá 14. maí 2006 til greiðsludags. Vísað er til XX. kafla laga nr. 19/1991 um stoð fyrir kröfugerðinni og til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni, krafist frávísunar hennar frá dómi og til vara að hún verði lækkuð. Varðandi 1. liðinn er fyrirliggjandi staðfesting vinnuveitanda um að Magnús hafi verið óvinnufær í níu vikur frá því að hann varð fyrir árás þeirri sem ákærði hefur verið fundinn sekur um. Einnig liggja fyrir ljósrit af launaseðlum fyrir mars og apríl sl. Kemur þar fram að níu vikna laun með orlofi (360.000 + 10,17% orlof nema 396,612 krónum) þykir rétt að fallast á þennan lið. Krafan um þjáningabætur kr. 83.550 er samþykkt eins og hún er fram sett. Sama gildir um fatnaðartjón og sjúkraflutning. Kostnaðarhækkun vegna orlofserðar fjölskyldu Magnúsar, sbr. lið. nr. 5, sem stafaði af því að breyta þurfti ferðaáætlun þykir byggð á atriðum sem eru of laustengd við ákæruefnið í máli þessu til þess að unnt sé að fallast á hana. Miskabótakrafa að fjárhæð 2.000.000 er byggð á 26. gr. skaðabótalaga. Í ljós er leitt að ákærði hefur gerst sekur um ólömæta og mjög alvarlega meingerð í garð Magnúsar og þykja miskabætur vegna hennar hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur og er þá haft í huga að þær miskabætur taka ekki mið af því hver varanlegur miski kann að verða þegar hann hefur verið metinn. Lögmaður sem setur fram bótakröfuna var skipaður réttargæslumaður Magnúsar undir rekstri málsins og verður tekið tillit til þess við ákvörðun þóknunar hans fyrir réttargæslu í málinu. Verður ákærði Arnar Valur dæmdur til þess að greiða Magnúsi í skaða- og miskabætur 1.706.582 krónur.

Bragi Finnbogason setti fram bótakröfu að fjárhæð 158.807 í tengslum við það atvik sem er ákæruefni 3 liðar ákæru. Hefur ákærði mótmælt henni og krafist þess að henni verði vísað frá dómi eða lækkuð að öðrum kosti. Krafa þessi var ekki borin undir ákærða er hann játaði brot sitt fyrir dómi þann 6. október sl. Urðu dómendur þess ekki varir fyrr en aðalmeðferð málsins að svo var. Þótti þá svo komið að ekki væri fært að kalla tjónþola til svo hann gæti tjáð sig um kröfuna eins og nauðsynlegt hefði verið. Af þessum sökum verður með vísan til 5. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ekki hjá því komist að vísa kröfunni fra dómi.

Útlagður sakarkostnaður vegna þáttar ákærða Arnars Vals nemur nú samkvæmt yfirliti saksóknara þar um 534.956 krónum. Um er að ræða kostnað sem telja verður nauðsynlegan og eðlilegan í þágu rannsóknar málsins og þykir því rétt að ákærða Arnari Val verði gert að greiða þennan kostnað. Að þessu virtu verður ákærða Arnari Val gert að greiða 1.576.190 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Hilmars Baldursonar hdl. 805.560 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og ferðakostnaði 38,640 krónum auk réttargæsluþóknunar skipaðs réttargæslumanns Jóns Höskuldssonar hdl. 235.674 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvalds flutti Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari málið.

Dóminn kveða upp Sveinn Sigurkarlsson, dómsformaður, Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari og Halldór Björnsson, settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Birgir Örn Birgisson sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22. 1955.

Ákærði greiði 479.301 krónu í sakarkostnað þar með talda $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns Þormóðs Skorra Steingrímssonar eða 327.746 krónur en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra eða 109.249 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði, Arnar Valur Valsson, skal sæta fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 14. maí 2006 til dagsins í dag með fullri dagatölu.

Ákærði greiði 1.576.190 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Hilmars Baldursonar hdl. 805.560 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og ferðakostnaði 38.640 krónum auk þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola Jóns Höskuldssonar hdl. 235.674 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði Magnúsi Einari Ólafssyni 1.706.582 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. maí 2006 til 2. september 2006 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Vátryggingarfélagi Íslands hf. 57.700 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá tjónsdegi 18. mars 2006, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá 6.11 2006 til greiðsludags.

Sveinn Sigurkarlsson

Guðmundur L. Jóhannesson

Halldór Björnsson